– SKÝJABORG –

Starfsáætlun Skýjaborgar 2026-2027

Ágúst 2026

Eyrún Jóna Reynisdóttir

Efnisyfirlit

1 INNGANGUR 3

2 SKÓLINN 3

2.1 SKIPURIT LEIK- OG GRUNNSKÓLA HVALFJARÐARSVEITAR 3

2.2 FORFÖLL OG OPNUNARTÍMI 4

2.3 SKÓLAHÚSNÆÐI, ÁKVÖRÐUN UM BARNAFJÖLDA 4

2.4 BARNAHÓPURINN 4

3 STARFSFÓLK 4

4 SKÓLADAGATAL SKÝJABORGAR 2026-2027 5

4.1 LEYFISDAGAR 6

4.2 SKIPULAGSDAGAR 6

5 ÁHERSLUR Í LEIKSKÓLASTARFINU 6

5.1 SKÓLAÞRÓUN Í SAMSTARFI VIÐ MSHA 7

5.2 ÞEMU VETURINN 2026-2027 7

5.3 DAGAR OG VIÐBURÐIR Í SKÝJABORG 2026-2027 7

6 INNRA MAT 9

7 SÍMENNTUNARÁÆTLUN 2026-2027 9

1 Inngangur

Samkvæmt 14. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 ber hverjum leikskóla að gefa út starfsáætlun árlega sem gerir grein fyrir starfsemi leikskóla hvert skólaár. Starfsáætlun skal staðfest af nefnd sveitarfélagsins skv. 2. mgr. 4. gr., að fenginni umsögn foreldraráðs, og skal hún kynnt foreldrum. Foreldraráð leikskóla og skólaráð grunnskóla í Hvalfjarðarsveit eru sameinuð í eitt ráð sem heitir skólaráð.

Í árlegri starfsáætlun er fjallað um árlega starfsemi leikskólans, barnafjölda og upplýsingar um starfsfólk skólans. Það er birt skóladagatal, áherslur í skólastarfi og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahaldið.

2 Skólinn

Skýjaborg er leikskólasvið Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar.

Heimilisfang: Innrimelur 1, 301 Akranes

Símanúmer leikskólans: 433 8530

Leikskólastjóri: Eyrún Jóna Reynisdóttir - eyrun@hvalfjardarsveit.is

Netfang: skyjaborg@hvalfjardarsveit.is.

Heimasíða skólans: http://skoli.hvalfjardarsveit.is

2.1 Skipurit Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar



2.2 Forföll og opnunartími

Foreldrar eru beðnir um að tilkynna um allar breytingar á viðveru barnsins, t.d. veikindi eða frí. Óskað er eftir að foreldrar hringi og tilkynni um veikindi eða fjarverur barnsins til starfsfólks deilda eða skrái fjarveru / sendi skilaboð í gegnum Völu.

Opnunartími leikskólans er frá 7:30-16:30. Foreldrar eru beðnir um að virða þann dvalartíma sem samið er um á hverjum tíma. Einnig eru þeir beðnir um að virða lokunartíma leikskólans og eiga allir að vera komnir út úr húsinu kl. 16:30.

2.3 Skólahúsnæði, ákvörðun um barnafjölda

Við ákvörðun um fjölda barna í leikskóla skal m.a. tekið tillit til aldursdreifingar barna og sérþarfa, lengdar dvalartíma þeirra, stærðar leik- og kennslurýmis og samsetningar starfsmannahóps skv. 12. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla.
Áætlaður fjöldi barna í Skýjaborg er 39 börn.

2.4 Barnahópurinn

Barnafjöldinn verður eftirfarandi frá ágúst 2026:

Árgangur	Fjöldi	Barngildi	Barngildi alls
2021	3	1	3
2022	14	1,1	15,4
2023	3	1,3	3,9
2024	12	1,6	19,2
2025	7	2	14
	39		**55,5**

Gert er ráð fyrir 2,125 stöðugildum vegna tvítyngdra barna og barna með sérþarfir, mat skólastjóra, sérkennara, sálfræðings og talmeinafræðings. Reiknað skv. samþykktum verklagsreglum.

Fleiri umsóknir um leikskóladvöl síðar í vetur liggja fyrir og má því gera ráð fyrir fjölgun barna og aukinni stöðugildaþörf frá janúar.

3 Starfsfólk

Starfsmenn skólaárið 2026-2027 eru:

Starfsmenn:	Starfsheiti:	Starfshlutfall:
Agnieszka Aurelia Korpak	Leikskólakennari - leyfi	
Ágústa Rós Jónsdóttir	Leiðbeinandi	100%
Árdís Hauksdóttir	Leiðbeinandi	85%
Ásdís Björg Björgvinsdóttir	Deildarstjóri	100%

Bára Tómasdóttir	Leikskólasérkennari – leyfi	
Diljá Marín Jónsdóttir	Deildarstjóri	100%
Eyrún Jóna Reynisdóttir	Leikskólastjóri	100%
Guðlaug Gyða Hannesdóttir	Leiðbeinandi	45%
Hanna Bergrós Gunnarsdóttir	Leiðbeinandi	100%
Helga María Guðmundsdóttir	Leiðbeinandi	34%
Ingibjörg Unnur Sigmundsdóttir	Leiðbeinandi m. stuðning	100%
Linda Þórarinsdóttir	Leiðbeinandi	50%
Milena Jozefik	Leiðbeinandi / Aðstoðarmatráður	85,7% / 14,3%
Sigurbjörg Friðriksdóttir	Leikskólasérkennari	50%
Unnur Tedda Toftum	Verkefnastjóri - Leiðbeinandi	100%
Védís Fríða Kristjánsdóttir	Leiðbeinandi m. stuðning	100%
Viktoria Pelekh	Matráður	100%
Helena Margrét Ásgerðardóttir	Kennari	13,75%
Jórunn Kjartansdóttir	Leiðbeinandi	100%
Hrefna Rún Ásusdóttir	Leiðbeinandi	100%
Nína Rut Magnúsdóttir	Leiðbeinandi	30%
	Stöðugildi ráðið:	12,3

Stöðugildaþörf í Skýjaborg reiknast eftirfarandi frá hausti skólaárið 2026-2027:

Stjórnun	1
Eldhús	1
Grunnstöðugildi	6,9375
Sérkennsla	2,125
Afleysing v. undirbúnings kennara	0,675
Afleysing v. undirbúnings leiðbeinenda	0,15
Afleysing 8,33%	0,9215
Tengiliður	0,1
Samtals	12,9
ALLS v. styttingu vinnuvikunnar	**14,6**

4 Skóladagatal Skýjaborgar 2026-2027

Skóladagatal er útfært árlega samkvæmt lögum. Að þeirri vinnu kemur allt starfsfólk skólans, foreldrafélagið, skólaráð og velferðar- og fræðslunefnd sem samþykkir dagatalið. Samkvæmt verklagsreglum leikskóla Hvalfjarðarsveitar skal leggja fram skóladagatal og samþykkja með því lokanir á stórhátíðardögum og skipulags- og fundardögum. Lokað er á aðfangadag og gamlársdag. Leikskólagjöld eru ekki frádregin þessa daga.

Skóladagatöl leik- og grunnskóla hafa verið samræmd eins og kostur er til að koma til móts við foreldra sem eiga börn á báðum skólastigum. Skóladagatalið má finna á heimasíðu skólans: https://skoli.hvalfjardarsveit.is/is/skolastarfid/skoladagatol og á mynd hér fyrir neðan.

Samband íslenskra sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2026 - 2027

Nafn leikskóla: Skýjaborg

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 L	1 Þ	1 F	1 S	1 Þ Fullveldisdagurinn	1 F Nýjársdagur	1 M	1 Þ	1 F	1 L Verkalýðsdagurinn	1 Þ	1 F
2 S	2 M	2 F	2 M Foreldravaktir Dropa	2 M	2 L	2 Þ	2 Þ	2 F	2 S	2 M	2 F
3 M Frídagur versunarmanna	3 F	3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 M	3 L	3 M	3 F	3 L
4 Þ Sumarfrí/lokun	4 F	4 S	4 M	4 F Aðventukaffi	4 M Skipulagsdagur	4 F	4 F	4 S	4 Þ	4 F	4 S
5 M Sumarfrí/lokun	5 L	5 M	5 F	5 L	5 Þ	5 F	5 F	5 M	5 M	5 L	5 M
6 F Sumarfrí/lokun	6 S	6 Þ	6 F	6 S	6 M Þrettándinn	6 L Dagur íslenskrar tungu	6 L	6 Þ	6 F Uppstigningardagur	6 S Sjómannadagurinn	6 Þ
7 F Sumarfrí/lokun	7 M	7 M	7 L	7 M	7 F	7 S Dagur tónlistarskólans	7 S	7 M	7 F	7 M	7 M
8 L	8 Þ Dagur læsis	8 F	8 S Baráttudagur gegn einelti	8 Þ	8 F	8 M Bolludagur - Dans hefst	8 M Foreldravaktir Regnboga	8 F Fagfundur 16:30-18:30	8 L	8 Þ	8 F
9 S	9 M	9 F	9 M	9 M	9 L	9 Þ Sprengidagur	9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 F Sumarlokun hefst
10 M Starfsfólk mætir til starfa	10 F	10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 M Öskudagur	10 M	10 L	10 M	10 F	10 L
11 Þ Leikskólinn opnar	11 F	Fæðingardagur fyrsta forseta Íslands (HT) 11 S	11 M	11 F	11 M	11 F Dagur íslenska táknmálsins	11 F	11 S	11 Þ Vorskóli	11 F	11 S
12 M	12 L	12 M Umhverfisvika að hausti	12 F	12 L	12 Þ	12 F Danskennslu lýkur	12 F	12 M	12 M Vorskóli	12 L	12 M
13 F	13 S	13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 L	13 L	13 Þ	13 F Vorskóli	13 S	13 Þ
14 F Skipulagsdagur	14 M	14 M	14 L	14 M	14 F	14 S	14 S Dagur sjálfboðaliðans	14 M	14 F Sveitaferð	14 M	14 M
15 L	15 Þ	15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 M	15 M Foreldravaktir Dropa	15 F	15 L	15 Þ	15 F
16 S	16 M Dagur íslenskrar náttúru	16 F	16 M Dagur íslenskrar tungu	16 M Litlu jólin	16 L	16 Þ	16 Þ	16 F	16 S Hvítasunnudagur	16 M	16 F
17 M	17 F	17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 M	17 L	17 M Annar í Hvítasunnu	17 F Lýðveldisdagurinn	17 L
18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 F	18 M	18 F	18 F	18 S	18 Þ Umhverfavika	18 F	18 S
19 M	19 L	19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 F	19 M	19 M	19 L	19 M
20 F	20 S	20 Þ	20 F Dagur mannréttinda barna	20 S	20 M	20 L	20 L	20 Þ	20 F Hjólastgur	20 S	20 Þ
21 F	21 M	21 M Skipulagsdagur	21 L	21 M	21 F	21 S Konudagur - uppsk/ Góu	21 S Pálmasunnudagur	21 M Skipulagsdagur	21 F	21 M	21 M
22 L	22 Þ	22 F	22 S	22 Þ	Bóndadagur - Bóndakaffi - uppsk/ Þorra 22 F	22 M	22 M	22 F Sumardagurinn fyrsti	22 L	22 Þ	22 F
23 S	23 M Kynningarfundur Dropa	23 F	23 M	23 M Kertakvoessa	23 L	23 Þ Öskudagskaffi	23 Þ	23 F Skipulagsdagur	23 S	23 M	23 F
24 M	24 F Kynningarfundur Regnboga	24 L Fyrsti vetrardagur	24 Þ	24 F Aðfangadagur jóla	24 S	24 M	24 M	24 L	24 M	24 F	24 L
25 Þ	25 F	25 S	25 M	25 F Jóladagur	25 M	25 F	25 F Skírdagur	25 S	25 Þ	25 F	25 S
26 M	26 L Evrópski tungumáladagurinn	26 M Foreldravaktir Regnboga	26 F	26 L Annar í jólum	26 Þ	26 F Konudagskaffi	26 F Föstudagurinn langi	26 M	26 M	26 L	26 M
27 F	27 S	27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 L	27 L	27 Þ	27 F Uppstt / Vorhátíð	27 S	27 Þ
28 F	28 M	28 M	28 L	28 M	28 F	28 S	28 S Páskadagur	28 M	28 F	28 M	28 M
29 L	29 Þ	29 F	29 S	29 Þ	29 F		29 M Annar í Páskum	29 F	29 L	29 Þ	29 F Starfsfólk mætir til starfa 9. ágúst
30 S	30 M	30 F	30 M	30 M	30 L		30 Þ	30 F	30 S	30 M	30 F Leikskólinn opnar 10. ágúst
31 M		31 L		31 F Gamlársdagur	31 S		31 M		31 M		31 L

4.1 Leyfisdagar

Sumarfrí 20 virkir dagar frá 9. júlí – 6. ágúst 2027.

4.2 Skipulagsdagar

Skipulagsdagar skólaársins 2026-2027 verða 6 talsins, allir heilir. Má sjá þá bláskyggða hér fyrir ofan og nánari upplýsingar í kafla 7 hér fyrir neðan í yfirliti yfir skipulagsdaga og fagfund.

5 Áherslur í leikskólastarfinu

Í skólanámskrá má finna þær áherslur sem skólinn setur sér, markmið og þær leiðir sem farnar eru til að ná markmiðunum. Skólanámskráin var uppfærð skólaárin 2023-2026 með tilliti til nýrrar Menntastefnu Hvalfjarðarsveitar, Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna, Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og áorðinna breytinga á aðalnámskrám. Fyrri hluti skólanámskrár er sameiginlegur fyrir Heiðarskóla og Skýjaborg. Hvort stig fyrir sig gefur svo út seinni hluta.

Skólaráð og velferðar- og fræðslunefnd samþykktu fyrri hluta og seinni hluta Skýjaborgar á vorönn 2026. Skólanámskrána má finna á heimasíðu skólans: https://skoli.hvalfjardarsveit.is/is/skolastarfid/skolanamskra.

Deildarnámskrár Regnbogans og Dropans eru svo ítarlegri og sýna þau markmið og leiðir sem farnar eru á hvorri deild fyrir sig. Þær eru yfirleitt yfirfarnar á hverju vori og uppfærðar ef þörf er á. Síðasta uppfærsla var í mars 2026 eftir samþykkt nýrrar skólanámskrár. Finna má deildarnámskrár á heimasíðu skólans: https://skoli.hvalfjardarsveit.is/is/skyjaborg/deildir-leikskolans.

Í Handbók Skýjaborgar – leikur, mál og læsi má finna áherslur og aðferðir sem notaðar eru við snemmtæka íhlutun og til að efla málþroska og undirbúning fyrir læsisnám. Handbókina má finna hér: Handbók Skýjaborgar Leikur, mál og læsi.

5.1 Skólaþróun í samstarfi við MSHA

Hvalfjarðarsveit er með samning við MSHA um skólaþjónustu við Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar. Við höfum lokið starfsþróunarverkefni um teymisvinnu og er unnið að því að festa verkefnið í sessi. Verkefnið snýst um að innleiða vinnubrögð lærdómssamfélagsins í skólasamfélagið. Það er gert m.a. með því að þróa teymisvinnu og samstarfsmenningu, efla dreifða forystu með leiðtogum í teymum, styðja stjórnendur í kennslufræðilegri forystu og styðja kennara í að nýta fjölbreyttar og gagnreyndar aðferðir til að koma til móts við mismunandi þarfir nemenda.

5.2 Þemu veturinn 2026-2027

Eftirfarandi eru þemu sem unnið verður með yfir veturinn. Fyrir hvert þema verður valin ein bók fyrir hvora deild og hún lögð inn með hópunum.

Tímasetning:	**Þema:**
September / október	Ég sjálfur og fjölskyldan mín - Litir
Nóvember / desember	Jól – Vinátta
Janúar / febrúar	Líkaminn minn – Könnunarverkefni (Regnboga)
Mars / apríl	Stærðfræði – Tannvernd – Páskar
Maí / júní	Dýr – Farartæki – Umferðarvika

5.3 Dagar og viðburðir í Skýjaborg 2026-2027

Foreldraviðtöl: Boðið er upp á tvö foreldraviðtöl yfir veturinn, í október/nóvember og mars. Vikurnar má finna á skóladagatali. Foreldrar geta ávallt óskað eftir fleiri viðtölum ef þeim finnst þörf á og hafa þá samband við deildarstjóra.

Afmælisdagar barna: Afmælisdagur er stór dagur í lífi barns. Á afmælisdaginn fær barnið að gera kórónu, vera þjónninn, það er sungið fyrir það og það fær sérstakt afmælismatarsett til að borða með. Einu sinni í mánuði er sameiginlegt afmæli þar sem allir í leikskólanum koma saman, syngja fyrir afmælisbörnin og fá eitthvað góðgæti frá leikskólanum eins og ber, heimagerðan ísklaka eða saltstangir.

Dagur læsis 8. september: Bækur sérstaklega velkomnar, þær skoðaðar og sumar lesnar. Rifjum upp að bækur eru ávallt velkomnar.

Dagur íslenskrar náttúru 16. september: Njóta náttúrunnar í nágrenni leikskólans. Möguleiki á að fara í vettvangsferð með nesti.

Kynningarfundur Dropa 23. september: Farið verður yfir starfið á deildinni og helstu áherslur skólans.

Kynningarfundur Regnboga 24. september: Farið verður yfir starfið á deildinni og helstu áherslur skólans.

Umferðarvika 12.-16. október: Umferðarvika að hausti.

Alþjóðlegi bangsadagurinn 27. október: Bangsa- og náttfatadagur. Þá mega börnin koma með bangsa í leikskólann og í náttfötum.

Bleikur dagur í október: Á bleika deginum sýnum við samstöðu, klæðumst bleiku og höfum bleikt í fyrirrúmi.

Hrekkjavaka 31. október (ath. laugardagur – höldum föstudag 30. okt.)**:** Búningadagur.

Baráttudagur gegn einelti 8. nóvember (ath. sunnudagur – höldum mánudag 9. nóv.): Förum sérstaklega yfir hvað það er að vera góður vinur.

Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember: Afmælisdagur Lubba. Sönglög og þulur eftir íslenska höfunda kynnt börnum. Þriðji bekkur kemur í heimsókn og les fyrir börnin. Rithöfundur er fenginn í heimsókn til að lesa úr verkum sínum einhvern tímann í kringum þennan dag.

Fullveldisdagurinn 1. desember: Elsti árgangurinn er með atriði með 1. bekk á Fullveldishátíð í Heiðarskóla.

Aðventa: Smákökubakstur í lok nóv. eða byrjun des. Þann 4. desember er áætlað foreldrakaffi sem er róleg stund með foreldrum, boðið upp á kaffi og heimabakaðar smákökur. Þann 16. desember eru áætluð litlu jólin hér í Skýjaborg. Þá hittumst við saman, syngjum jólalög og dönsum í kringum jólatréð. Í hádegismatinn er hátíðarmatur. Í kringum aðventuna höfum við einnig fengið jólaleikrit í boði foreldrafélagsins. Lagt er upp með að aðventan sé róleg, fjarri stressi og hraða sem myndast oft í þjóðfélaginu á þessum tíma árs. Einn dag á aðventunni höldum við jólafatadag þar sem allir eru hvattir til að mæta með jólahúfur, í jólapeysum, buxum eða sokkum (ath. við erum ekki að tala um spariföt).

Bóndadagskaffi 22. janúar: Á bóndadaginn er boðið í bóndadagskaffi.

Þorrinn: Þorrablót haldið einn dag á þorra. Hangikjöt, harðfiskur og þorramatssmakk. Á þorranum ætlum við að hafa einn rafmagnslausan dag.

Dagur leikskólans 6. febrúar (ath. laugardagur, höldum fös. 5. feb.)**:** Í tilefni hans förum við saman í skrúðgöngu um hverfið og reynum að vekja athygli út á við á leikskólastarfi.

Bolludagur 8. febrúar: Boðið er upp á fiskibollur í hádegismatinn og rjómabollur í kaffitíma.

Sprengidagur 9. febrúar: Boðið er upp á saltkjöt og baunir í hádegismatinn.

Öskudagur 10. febrúar: Allir mega koma í grímubúningum eða náttfötum. Þá koma allir saman á Regnboganum, kötturinn er sleginn úr tunnunni og haldið er ball.

Konudagskaffi 26. febrúar: Í tilefni konudags 21. febrúar er boðið í konudagskaffi föstudaginn 26. febrúar.

Dagur stærðfræðinnar 14. mars (ath. sunnudagur – höldum 12. mars)**:** Í tilefni hans er boðið upp á alls konar stærðfræðiþrautir fyrir alla aldurshópa.

Tannverndarvika 15.-19. mars: Farið er yfir mikilvægi tannverndar með börnum.

Dans: Í febrúar og mars kemur danskennari einu sinni í viku í fimm vikur með danskennslu.

Dagur umhverfisins, 25. apríl (ath. sunnudagur – höldum þriðjudaginn 20. apríl)**:** Þá er farið út að tína rusl í nágrenni skólans. Ef áhugi er fyrir hendi er gaman að búa eitthvað til úr ruslinu. Sum ár hefur verið útbúið ruslaskrímsli.

Vorskóli elstu barna: 11., 12. og 13. maí verður útskriftarárgangur í vorskóla í Heiðarskóla. Þá fara börnin með skólarútunni að heiman, sækja Heiðarskóla þrjá heila daga og koma ekkert í leikskólann.

Sveitaferð: 14. maí er áætluð sveitarferð.

Umferðarvika 18.-21. maí og hjóladagur 20. maí: Umferðarvika að vori. Eina viku í maí höldum við umferðarviku og höfum hjóladag þá vikuna.

Útskrift: 27. maí kl. 14:00 verður útskrift elstu barna. Börnin æfa atriði og sýna. Börnin fá afhent skírteini og gjöf. Hóp- og einstaklingsmyndir teknar. Eftir útskrift, kl. 14:30, er áætluð vorhátíð foreldrafélagsins.

Útskriftarferð: Einn veðurblíðan dag í lok maí eða í júní munu börnin fara í útskriftarferð. Farið er á Akranes. Dagskrá og tímasetning auglýst þegar nær dregur.

Sumardagskrá: Starfsfólk útbýr sumardagskrá með uppbrotsdögum í júní, s.s. útidótadegi, búningadegi, bangsa- og náttfatadegi.

6 Innra mat

Við skólann er starfandi innra matsteymi sem fundar eftir þörfum, rýnir í niðurstöður og leggur línur fyrir gerð umbótaáætlunar. Notast er við gæðakerfið BravoLesson. Að auki eru aðrir þættir metnir sem sjá má í greinagerð um innra mat. Greinagerð um innra mat er á sér skjali sem heitir *Greinagerð um innra mat leikskóla 2025-2026* (gefin út í september 2026).

7 Símenntunaráætlun 2026-2027

Símenntunaráætlun er liður í því að ná þeim markmiðum sem sett hafa verið og er hún gerð með hliðsjón af umbótaáætlun, áherslum, styrkleikum og veikleikum leikskólans og starfsþróunarsamtölum.

Leikskólastjóri er ábyrgur fyrir framkvæmd og úrvinnslu símenntunaráætlunar leikskólans. Starfsfólk er ábyrgt fyrir eigin símenntun, þ.e. að greina þarfir sínar, hafa frumkvæði að fræðslu og efla starfsþroska sinn. Tími til símenntunar ræðst af þörfum og fjármagni hverju sinni. Við mótun símenntunaráætlunar er unnið samkvæmt verkferli sem greint er frá í skólanámskrá.

Horfa skal til niðurstaðna í Greinagerð um innra mat leikskóla við undirbúning skipulagsdaga og fræðslu.

Yfirlit yfir símenntun 2026-2027

Allir skipulagsdagarnir eru hafðir heilir, meiri ánægja með það. Dagarnir nýtast í faglega umræðu, námskeið, fyrirlestra, vinnu við áætlanagerð, starfsmannafundi og deildarfundi. Að auki er einn sameiginlegur fagfundur með leik- og grunnskóla.

Yfirlit yfir skipulagsdaga og fagfund:

Sameiginlegur skipulagsdagur **14. ágúst** (föstudagur): Skyndihjálp og önnur fræðsla.

Skipulagsdagur **21. október** (miðvikudagur): Undirbúningur vetrarstarfs, starfsmannafundur, deildarvinna o.fl.

Skipulagsdagur **4. janúar** (mánudagur): Starfsmannafundur, deildarvinna o.fl.

Skipulagsdagur **23. febrúar** (þriðjudagur): Innra mat, starfsmannafundur, deildarvinna o.fl.

Fagfundur **8. apríl** (fimmtudagur): Fagfundur Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar. Dagskrá auglýst með nokkurra vikna fyrirvara.

Skipulagsdagar **21. og 23. apríl** (miðvikudagur og föstudagur): Náms- og kynnisferð starfsfólks erlendis.

Önnur fræðsla (t.d. námsferðir, ráðstefnur og þing):

Starfsfólki verður gefinn kostur á að sækja styttri námskeið, ráðstefnur og málþing sem boðið verður upp á næsta skólaár, utan leikskólans.

Yfirlit yfir símenntunarþörf innan leikskólans

2026-2027	2027-2028	2028-2029
Námskeið í skyndihjálp (annað hvert ár)	Námskeið í líkamsbeitingu (annað hvert ár)	Námskeið í skyndihjálp (annað hvert ár)
	Fræðsla um barnaverndarmál (annað hvert ár)	